

30. fundur Skólaráðs haldinn 25.febrúar 2019 kl. 16:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Margrét Klara Þórisdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir fulltrúar nemenda. Hulda Karlsdóttir og Klara Viðarsdóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks. Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð. Berglind Kristinsdóttir sem situr fyrir hönd grenndarsamfélagsins var ekki mætt.

Særún vill koma því á framfæri hversu mikilvægt er að boða skólaráðsfund tímanlega til fulltrúa nemenda þannig að þeir hafi tækifæri til að kalla inn varamenn ef þeir eru uppteknir í öðru.

Nemendur sögðu frá því sem er í gangi í skólanum og félagslífinu. Margrét sagði að henni hefði fundist Grænfánadagurinn í dag heppnast ágætlega en nemendum var þar skipt þvert á alla bekki. Þema Grænfánans er loftslagsbreytingar og áttu hóparnir að vinna sjálfstætt verkefni, búa til stuttmyndir eða fræðsluefni. Afraksturinn verður sýndur á vorhátíð og vonandi á fleiri stöðum. Margrét sagðist líka vera mjög ánægð með listahátíðardaginn sem var sameiginlegur hjá skólunum á svæðinu. Hún sagðist hafa upplifað alla krakkana glaða og ánægða með daginn. Sigurgeir var sammála þessu og sagðist hafa upplifað mjög jákvætt andrúmsloft í skólanum þennan dag.

Farið yfir niðurstöður skólapúlsins frá því í október 2018. Ákveðið að senda nokkra af þeim þáttum sem gætu verið betri í skólanum inn á nemendabing, hugsanlega nýta lífsleiknitímann. Fá umsjónarkennara til að skipuleggja þetta.

Sigurgeir afhenti fundarmönnum jafnréttisáætlun Grunnskólans á Hellu sem samþykkt var á starfsmannafundi 15.janúar sl. Búið er að senda áætlunina á Jafnréttisstofu sem gerði örlitlar athugasemdir sem verða teknar fyrir á næsta starfsári af jafnréttisnefnd skólans.

Sigurgeir sagði frá þeim breytingum sem væru í mötuneytinu en í byrjun mars fær Heklukot einnig mat frá mötuneyti skólans vegna þess er búið er að ráða auka starfskraft inn í mötuneytið.

Umræður um húsnæðismál skólans og þeirri brýnu þörf á viðbótarhúsnæði sem nýtast mun skólanum inn í framtíðina. Ákveðið að nefndarmenn vinni greinagerð og bókun til að senda á sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Hafdís Dóra matráður hefur óskað eftir að koma aftur inn á fund skólaráðs en því miður gleymdist að boða hana á þennan fund, henni verður því boðið að mæta á næsta fund skólaráðs sem verður 1.apríl kl. 16:00

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 17:20
Særún Sæmundsdóttir